

V I L J A Y F I R L Ý S I N G

Félagsmálaráðuneytið, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) og Samband íslenskra sveitarfélaga eru sammála um að stefna að eftirfarandi framtíðarskipan á verkefnum sem varasjóður húsnæðismála (VH) hefur haft með höndum lögum samkvæmt:

1. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun yfirtekur eignir, réttindi og skyldur VH (þar með talið varasjóðs viðbótarlána og tryggingasjóðs vegna byggingargalla). Sjóðirnir færast úr eigu og ábyrgð sveitarfélaga frá og með gildistöku laga um þessa breytingu. Miðað er við að tilfærslan feli í sér fullnaðaruppgjör á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga (sbr. samkomulag dags. 4. apríl 2002) þannig að hvorugur aðilinn eigi, að gerðum lagabreytingum, kröfu á hendur hinum vegna starfsemi sjóðanna.
2. Yfirtakan miðast við undirritun yfirlýsingar þessarar í samræmi við áhættumat og greiningu vegna útlánataps á viðbótarlánum. Jafnframt er byggt á gögnum sem aflað hefur verið um stöðu félagslegra leiguíbúða í eigu sveitarfélaga (m.a. greining KPMG frá mars 2018) sem og ársreikningi VH fyrir árið 2018.
3. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun ákveður hvernig farið skuli með eignir og réttindi sem yfirtekin eru en mun jafnframt, eftir yfirtökuna, annast þau verkefni sem nágildandi lög gera ráð fyrir að VH sinni, sbr. 1.-6. tölul. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál m.s.b. Verkefni skv. 1. og 2. tl. takmarkast þó við það fjármagn sem færst yfir til HMS og stefnt er að því að verkefnin verði m.a. unnin á vettvangi leigufélagsins Bríetar ehf., að fengnu samþykki stjórnar þess félags.
4. Á árinu 2020 verður lögð sérstök áhersla á ráðgjöf og leiðbeiningar til þeirra sveitarfélaga sem vilja breyta um rekstrarform félagslegs íbúðarhúsnæðis á vegum sveitarfélaga og hagræða í rekstri þeirra. Markmið þessa átaks verður að tryggja sjálfbærar rekstur íbúðarhúsnæðis á vegum sveitarfélaga. Verkefnistjóri ráðinn af félagsmálaráðuneyti / Húsnæðis- og mannvirkjastofnun stýrir átakinu.
5. Félagsmálaráðuneytið mun undirbúa frumvarp til laga um breytingar á X. kafla laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, m.s.b. til framkvæmdar á þessari viljayfirlýsingu. Jafnframt verður gerð tillaga um breytingu á 37. gr. laganna (ráðstöfun leiguþúsnæðis með áhvílandi láni sem veitt var skv. 36. gr. laganna). Ákvæði til bráðabirgða VIII í lögunum fellur brott.
6. Frumvarpsdrög verða kynnt í samráðsgátt stjórnvalda. Aðilar þessar yfirlýsingar munu í sameiningu fara yfir umsagnir sem berast, m.a. frá sveitarfélögum, og taka afstöðu til tillagna um breytingar. Þessi yfirferð kemur í stað umfjöllunar ráðgjafarnefndar VH, en skipunartími nefndarinnar er útrunninn og verður ekki endurnýjaður. Stefnt er að því að frumvarp verði lagt fram og hljóti afgreiðslu á vorþingi 2020.

Reykjavík, 21. janúar 2020


F.h. félagsmálaráðuneytis


Asmundur Þórðarson

F.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga
sbr. umfjöllun á 850. fundi stjórnar sambandsins


Ásthildur Hafsteinsdóttir


Þorsteinn Þórsson